

Lokaskýrsla

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

Deiglan – samstarf og samvirkni

Júní 2018
Seyðisfjarðarskóli



SEYÐISFJARÐARSKÓLI

- Í hverju barni býr fjársjóður -

Nafn skóla: Seyðisfjarðarskóli
Nafn verkefnisins: Deiglan: samstarf og samvirkni
Nafn verkefnisstjóra: Svandís Egilsdóttir
Samningur og ár: UMS-24 2017-2018

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn

Höfuðmarkmið verkefnisins voru að bæta starf í skólanum í takti við nýja skólastefnu sveitarfélagsins og sameiningu leik-, grunn- og tónskóla. Jafnframt rækta tengsl og efla samstarf Seyðisfjarðarskóla við menningarstofnanir á Seyðisfirði, vinna markvisst í samstarfi við þær að starfi og stefnumótun skólans, nemendum og starfsfólki til hagsbóta.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Sameining skólabókasafns og bæjarbókasafns. Flutningur bókasafnanna í skólahúsnaðið sumarið og haustið 2017.

Flutningur kennslustofa milli húsa sem tilheyra skólanum

Stefnumörkun fyrir hið nýja bókasafn skólaárið 2017-2018.

Stefnumörkun fyrir listadeild skólans vor 2017fram til vors 2018.

Námskeið og kennsluskipulag listadeildar þróað sumarið 2017 og skólaárið 2017-2018.

Samstarfssamningur milli Menningarmiðstöðvarinnar Skaftfells og Seyðisfjarðarskóla útbúin skólaárið 2017-2018

Samstarf við Tækniminjasafn, Skálanes menningarsetur, LungAskólann og gönguklúbb Seyðisfjarðar um verkefni með nemendum, framkvæmd skólaárið 2017-2018.

Stefnumótun um móttöku gestabarna, útbúin skólaárið 2017-2018.

Starfsþróunaráætlun gerð og útfærð, kynnt áramótin 2016/2017, framkvæmd til haustsins 2019

Mat á sameiningarferli úttekt haustmánuðir 2018.

Hér að ofan eru taldir helstu verkþættir en hver og einn þeirra hefur kallað á reglulegt samtal og fundarsetu þeirra sem að koma, kennurum, stjórnendum deilda og stofnana sem hafa átt í hlut. Að meðaltali má áætla að hver verkhluti hafi kallað á 20-25 klst. samráðsfundi og auk þess vinnu með nemendum og/eða frágangi.

Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Frávik hafa verið óveruleg en ákveðið var að bíða með úttekt Gunnars Gíslasonar fram á haustið 2018 í samráði við hann. Eins hefur verið ákveðið að bíða með heimsókn í Auðarskóla þar sem að mannabreytingar í stjórnendateymi voru fyrir séðar. Aftur á móti var

farið í skólaheimsókn að Stórutjörnum og á Valsárskóla í þeim tilgangi að efla sýn starfsfólks á sameinað skólahald.

Erfiðlega hefur gengið að manna stöðu á sameinuðu bókasafni og tefur það nokkuð að farið sé að vinna að breyttri starfssemi. Skipurit vegna sameiningar bókasafna var ekki útfært endanlega frá upphafi en skýrðist á tímabilinu.

Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Gríðarlegar breytingar hafa orðið á skólastarfi í Seyðisfjarðarskóla á skólaárinu vegna þessa verkefnis, sem er í hnotskurn útfærsla á nýrri skólastefnu og sameiningarferli þriggja stofnana. Ferlinu er ekki lokið en komið langt á veg. Hindranirnar sem upp hafa komið tengjast helst kjaramálum og mannlegri mótstöðu gegn breytingum almennt. Fyrir voru ákveðin samskiptamynstur og þau hefur þurft að vissi marki að leysa upp til að skapa ný, sem getur verið flókið og ruglandi. Allar deildir byggja á eldri sögu og jafnvel gömlum hefðum og vinnulagi og þar af leiðandi eru hefðir og siðir sem ekki lengur passa. Sameining kallar á aukið samstarf, öðruvísi forgangsröðun í undirbúningi kennslu, aukinn sveigjanleiki þarf að vera fyrir hendi og orðin sem við notum um okkur sjálf innanhúss hafa breytt um merkingu við sameininguna.

Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu

Helsti ávinningurinn verkefnisins er án nokkurs vafa að vel hefur tekist til við sameininguna. Það skilar sér í aukinni faglegri nálgun á skólastarfið, virðingu og stolti í skólasamfélaginu öllu. Samhliða hefur verið ráðist í verulegar úrbætur á aðstöðu nemenda.

Við sjáum aukna ánægju í foreldrakönnun Skólapúlsins í leik- og grunnskóladeild, nemendum líður betur og þeir mælast virkari, minna einelti mælist en árið á undan og mikill námsáhugi er hjá nemenda. Fjölgun er í skólanum og í bæjarfélaginu sem erfitt er að meta hvort að sé samhliða verkun metnaðarfulls starfs og úrlausna eða ekki. Í leikskóladeild hefur orðið viðsnúningur á viðhorfi til leikskólans og listadeildin starfar af miklum metnaði, þverfaglega með öðrum deildum skólans.

Afar jákvætt er að þróunarstarfið mun að hluta til skila sér í auknu framboði verkefna og endurmenntunar fyrir aðila utan sveitarfélagsins. Það er námskeið og verkefni sem eru pilotverkefni munu bjóðast öðrum skólum í fjórðungnum. Smb. Skálanesverkefnið NáttúrlegaAlltíKring sem er náttúru- og samfélagsfræðiverkefni fyrir nemendur á yngsta og mið- og elsta stigi grunnskóladeildar.

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn

Verkefnið er grunnvinna sem ætlað er að hafa áhrif á allt skólastarfið í heild. Verkefnið hefur gengið framur vonum að mati stjórnenda og þeirra sem að koma og þar sem um mikla stefnumótunarvinnu er að ræða þá hefur vinnan umbreytandi áhrif á skólastarfið í öllum deildum.

Niðurstöður verkefnisins eftir verkþáttum

Sameining skólabókasafns og bæjarbókasafns og stefnumörkun upplýsingavers.

Flutningur og sameining bókasafnanna í skólahúsnæðið sumarið 2017 tókst vonum framar. Sjálfboðaliðar voru fengnir til að aðstoða við þökkun, flutning og endurröðun þeirra 23 þúsund bókatitla sem í söfnunum voru en áður hafði forstöðumaður grisjað bækurnar um fjórðung. Nýja húsnæðið þurfti að aðlaga og bæta. Keyptur var nýr búnaður og hillur fyrir nýja safnið. Nýtt bókasafn var formlega opnað með viðhöfn í nóvember 2017. Síðan þá hafa komur gesta, sérstaklega barnanna aukist á bókasafnið og útlán hafa jafnframt aukist. Jákvæð afleiðing er að bæjarbúar verða meðvitaðri um starfið sem fer fram í skólanum því í sama húsnæði eru haldnar sýningar á verkum nemenda, matreiðslunámskeið og örnámskeið fyrir bæjarbúa ásamt því að kór og tónslitarkennsla er starfrækt í sama húsi. Leik- og grunnskóladeild á í samstarfi við bókasafnið um heimsóknir og nýtingu. Stefnumótun var unnin í samstarfi skólastjóra og Kolbrúnar E. Pétursdóttur og Sólveigar Sigurðardóttur forstöðumanns bókasafns með aðkomu Þjónustumiðstöðvar Bókasafna. Fjórir fundir áttu sér stað á vormánuðum 2017 og tveir fundir áttu sér stað á milli skólastjóra og Sólveigar skólaárið 2017-2018 fyrir utan óformlegri samskipti um málefni bókasafnsins. Stefnumörkun upplýsingavers (sameiginlegs bókasafns) var útbúin að hálfu skólans og bókasafnsins af skólastjóra í kjölfarið og hefur verið samþykkt í bæjarstjórn. Er sú stefna á leið í innleiðingarferli.

Breytt nýting á húsnæði

Vorið 2017 þökkðu kennarar niður öllum gögnum sem tilheyrðu svokölluðum Rauða skóla en þar var gert ráð fyrir að list- og verkgreinahús ásamt bókasafni yrði til húsa. Sjálfboðaliðar frá alþjóðalegum sjálfboðaliðasamtökum og stjórnendur fluttu húsgögn og kassa á milli húsa eftir plani sem útbúið hafði verið og samþykkt af bæjarstjóra. Áhaldahús og viðeigandi handverksmenn sáu um aðlögun og breytingu á húsnæði, en umtalsverð viðhaldsvinna í húsnæði skólans fór fram þetta sumar ásamt breytingunum.

Heimastofur allra nemenda í grunnskóladeild voru færðar yfir í hús er nefnist í daglegu tali Gamli skóli og list- og verkgreinar ásamt stærstum hluta tónskólans var sameinað undir eitt þak í öðru húsnæði. Um gjörbreytingu á skipulagi og staðsetningu stofa er að ræða.

Útbúin var ný afar aðgengileg heimilisfræðistofa, sú gamla tekin niður og glæsileg aðstaða undir tónlistarstofu útbúin. Tónlistarrými eru nú staðsett inni í grunnskóladeildinni/ listadeildinni og sérstakt listgreinahús er staðsett í sama húsnæði og bókasafn (í Rauða skóla). Aðstaða til list og verkgreina hefur batnað til muna frá því er var og eins hafa verið gerðar úrbætur á heimastofum.

Stefnumörkun fyrir listadeild

Stefnumörkun fyrir listadeild fór fram á vikulegum samráðsfundum skólastjóra og aðstoðarskólastjóra í listadeild frá vori 2017 til vors 2018. Námskeið og kennsluskipulag listadeildar var þróað sumarið 2017 og skólaárið 2017-2018 í samráði stjórnenda og kennara og í samstarfi við aðrar menningarstofnanir í bæjarfélaginu. Vikulegir fundir voru meðal stjórnenda og eins var komið á vikulegum fundum starfsmanna í listadeild. Stefna listadeildar er nú samþykkt af fræðslunefnd og sýnileg á heimsíðu skólans.

Samstarf og önnur stefnumörkun

Samstarfssamningur milli Menningarmiðstöðvarinnar Skaftfells og Seyðisfjarðarskóla var útbúin skólaárið 2017-2018 á fjórum fundum stjórnenda skólans og fræðslustjóra/stjórnendum Skaftfells. Byggir sá samningur að hluta til á því samstarfi sem þessar stofnanir hafa átt í en samningurinn tekur mið af gagnkvæmu samstarfi okkar á milli.

Samstarf við Tækniminjasafn, Skálanes menningarsetur, LungAskólann og gönguklúbb Seyðisfjarðar um verkefni með nemendum, hefur verið í þróun á árinu í samráði við hlutaðeigandi og komu ýmiss verkefni til framkvæmda með nemendum skólaárið 2017-2018.

Helstu afurðir stefnumörkunar í listadeild og samstarfs Seyðisfjarðarskóla við mennta og menningarstofnanir í Seyðisfjarðarkaupstað

- ✓ Heildstæð stefna fyrir Seyðisfjarðarskóla í listnámi nær til list- og verkgreinakennslu í leik - og grunnskólanum sem og til starfs í tónlistarhluta listadeildar.
- ✓ Grunnur að starfsáætlun listadeildar Seyðisfjarðarskóla.
- ✓ Heilstæð stefna um samstarf Seyðisfjarðarskóla og Skaftfells þar sem kveðið er á um námslotur/heimsóknir/verkefni.
- ✓ Námslota í samstarfi við Tækniminjasafn sem nýtist unglíngastigi grunnskóladeildar. Nemendaheimsóknir Tækniminjasafnið aðrar og að auki.
- ✓ Námslota í þrjár vikur í leiklist og söng nýtist öllum nemendum skólans.
- ✓ Námskeið nýtist nemendum leikskóladeildar á starfstíma leikskóla á skólaárinu 2017-2018 í samstarfi við kennara, vor 2018.
- ✓ Námskeið/fyrirlestrar fyrir aðila skólasamfélagsins, á Skólalþingi og á starfsdögum kennara (opin fullorðnum) Þrenn frístundanámskeið á vegum listadeildar opin nemendum utan skólatíma. Frístundanámskeið á vegum Skaftfells í samstarfi við Seyðisfjarðarskóla.
- ✓ Aukið framboð í tónlistarnámi og aukning nemenda í tónlist.
- ✓ Efling kennslu í listgreinum og í náttúrufræði og samfélagsfræðigreinum
- ✓ Stefna sameinaðs bókasafns
- ✓ Stefna um móttöku á gestabörnum

Stefnumótun um móttöku gestabarna

Stefnumótun vegna gestabarna var útbúin skólaárið 2017-2018 á samráðsfundum stjórnenda og í samtali við stjórnendur Skaftfells. Er sú stefnumótun í umræðu bíður samþykktar hjá bæjarstjórn.

Aðrir verkþættir

Starfsþróunaráætlun var unnin af skólastjóra og stjórnendum veturinn 2016/2017 en framkvæmd hennar nær til haustsins 2019. Er hún á vef skólans.

Skólastjóri hefur tekið saman skýrslu um mat á niðurstöðum Skólalúlsins og heldur utanum gátlista vegna úrbóta, mat á framgangi sameiningar og stefnu skólans fer reglulega fram á kennarafundum og teymisfundum stjórnenda. Á árinu varð auk þess til ný innra og ytramatsáætlun sem bíður samþykktar fræðslunefndar. En mat á skólastarfi og skýrslur þessu tengt er að finna á vef skólans.

Til að halda utanum sameiningarferlið í heild sinni og það sem er í Deiglunni hefur verið gerð áætlun til fimm ára og miðar verkefnunum vel áfram. Þar standast flestir verkþættir tímááætlun.

Utanaðkomandi mat á sameiningarferlinu og ráðgjöf um framhaldið mun fara fram á haustmánuðum 2018. Verður matið framkvæmt af Gunnari Gíslasyni eins og kom fram í verkefninu.

Náðust markmiðin? Hvað er til marks um það? - Heldur verkefnið áfram innan skólans eða í öðrum skólum?

Markmið skólans með þessu verkefni var að standa vel að sameiningarferli þriggja stofnanna og vinna áfram að stefnumörkun og útfærslu nýrra skólastefnu í sveitarfélaginu í víðtæku samtali við lykilaðila í sveitarfélaginu, samkvæmt ofanlýstum verkþáttum. Miðað við kannanir Skólapúlsins og matsfundi með starfsfólki og stjórnendum er ástæða til að svara spurningunni um hvort að markmið okkar hafi náðst játandi. Hafa verður þó í huga að umbótaferlið er stöðugt og því lýkur í eðli sínu aldrei, heldur er ávallt til skoðunar. Þetta verkefni er hluti af fimm ára umbótaferli sem skólinn er í og því mun verkefnið halda áfram mjög markvisst. Skólinn mun fá utanaðkomandi ráðgjöf og vera í samtali við nemendur og foreldra um framhaldið. Við teljum að góður grunnur hafi verið lagður að öflugu sameinuðu skólastarfi en foreldrar og nemendur eru virkir þátttakendur í þróunarstarfinu. Sumt af því sem við höfum verið að gera er til fyrirmyndar fyrir aðra skóla. T.a.m. hefur heimasíða sameiginlegs skólahalds fengið lof stjórnenda í öðrum skólum og sem það sem við höfum verið að gera mun nýtast öðrum skólum á Austurlandi. Sem dæmi um það er samstarf okkar við Skálanes og við Skaftfell og ekki síst tækifærin sem skapast hafa við stofnun listadeildar.

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum og lokaorð

Á heimasíðu skólans er hnappur sem heitir Deiglan en þar er haldið til haga helstu umbótunum sem við stöndum í. Þetta er gert með einföldum hætti í gátlista og hefur þegar verið kynnt skólasamfélaginu. <https://seydisfjardarskoli.sfk.is/is/deiglan>

Skýrsla þessi verður opinber á heimasíðu skólans og fær kynningu hjá skólasamfélaginu og fræðslunefnd. Við erum og munum áfram vera í samtali við aðra sameinaða skóla og vonandi getum við lagt ýmislegt til málanna þegar kemur að umfjöllun um sameiningarferli skólastofnana.

Ýmsir verkþættir hafa fengið kynningu í fjölmiðlum nú þegar og samstarfinu og sameiningarferlinu verður gert skil á kennaraþingi meðal leikskólakennarar haustið 2019.

Fyrir hönd Seyðisfjarðarskóla þakka ég Sprotasjóði kærlega fyrir veittan styrk. Hann hefur gert okkur kleift að halda uppi sameiningarferlinu í mjög miklu og góðu samtali meðal als skólasamfélagsins.

14. júní 2018

Svandís Egilsdóttir
Skólastjóri Seyðisfjarðarskóla